



Reykjavík, 10. september 2021

R21080211

Viðtakandi: Heilbrigðisráðuneytið

Sendandi: Öldungaráð Reykjavíkurborgar

Efni: ***Umsögn öldungaráðs Reykjavíkurborgar um drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, mál nr. 141/2021***

Almennt

Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt fyrir öldungaráð, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Öldungaráð Reykjavíkurborgar fer með verkefni samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Öldungaráðið fer einnig með verkefni samkvæmt ákvæðum laga 125/1999 um málefni aldraðra.

Öldungaráð fagnar að lögð hefur verið fram stefna sem stuðlar að og eflir þjónustu við eldra fólk og tekur undir markmið hennar sem er að samþætta heilbrigðis og félagsþjónustu og gera eldra fólki kleift að búa sem lengst í sjálfstæðri búsetu.

Heilsuefling aldraðra

Öldungaráð Reykjavíkurborgar telur brýnt að í stefnunni komi skýrar fram að styrkja þurfi heilsueflingu fyrir aldraða. Að miður sé hversu lítið fer fyrir mikilvægi faglegs félagsstarfs í bæði umræðunni almennt sem og drögum heilbrigðisstefnunnar. En faglegt félagsstarf er mikilvægur liður í forvarnarstarfi, þar sem það stuðlar að valdeflingu, heilsueflingu, viðheldur vitsmunafroska og dregur úr einmannaleika og einangrun. Dr. Samir Sinah orðaði það í sínum fyrirlestri á heilbrigðisþingi um framtíðarsýn um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða þann 20. ágúst s.l., þar sem hann talar um *Older Adult Centers* og leggur áherslu á að samgöngur og aðgengi að þeim séu í lagi og tryggð.

Kynslóðablöndun

Þá er hugtakið kynslóðablöndun nokkuð sem mætti fá meiri vigt og getur það flætt á milli þess að vera hluti af faglegu félagsstarfi, eins og t.d. uppsetningunni á tæknilæsi (ungir að kenna eldri), samstarfi við leik- og grunnskóla, og svo út frá sjálfbærðastarfi, og svo að vera hluti af umræðunni og stefnu um ættingjaaðstoð, en mikilvægt er að skilgreina mjög vel hvað sé eðlilegt að sé hlutverk ættingja varðandi umönnun hins aldraða, í rauninni á

ættingjaaðstoð að snúast um gæðastundir og að stuðla að fjölskyldu- og kynslóðablöndun, að samverustundir séu hluti af daglegu lífi og geta það verið þættir eins og barnabarn sem fer út í búð með afa, eða hreinlega að fara á tónleika saman, borða saman í hádeginu o.s.frv. Aldraðir ættu hins vegar ekki að þurfa vera í þannig aðstöðu að þurfa treysta á fjölskyldumeðlim með persónulegar þarfir á borð við salernisferðir og baðferðir. Til þess á að styðjast við ýmist starfsfólk úr heilbrigðisgeiranum og/eða velferðartækni.

Vegna fjölgunar í hópi eldra fólks er kominn grundvöllur fyrir því að skipa sérstakt ráðuneyti um málefni þeirra. Þjónustan og verkefnin sem snúa að velferð eldra fólks er svo fjölbreytt að það útheimtir orðið ráðuneyti til að halda utan um þau verkefni.

Réttindagæslumaður aldraðra

Skilgreina þurfi nánar hlutverk réttindagæslumann aldraða með tilliti til persónuverndar og hvaða hóp aldraða hann ætti að þjóna því ekki má líta á öldrun sem fötlun

Samvinna ríkis og sveitarfélaga

Verkaskipting milli sveitarfélaga og ríkisins um þjónustu við aldraða verður að vera skýr. Miða skal þjónustu og úrræði við þarfir hvers og eins. Ríki og sveitarfélög þurfa að stórauка samvinnu sína með það að markmiði að heilsugæslan verði vagga öldrunarþjónustunnar. Öll fjárframlög taki mið af þessu. Að heilsugæslan nálgist eldra fólk fyrr á lífsleiðinni með samhæfðri teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga og félagsþjónustu sveitarfélaga og haldi því sambandi. Velferðartækni ætti að vera mikilvægur þáttur í öryggi og bættri aðstöðu í heimahúsum eldra fólks. Hugsanlega mætti leitast við að kanna hvort það henti að fela sjálfstætt starfandi fyrirtækjum sem starfa á þessu sviði að sinna þjónustu við aldraða.

Sjálfstæð búseta eldra fólks

Tryggja verður sjálfstæði eldri fólks hvað varðar val um það að búa sem lengst á eigin heimili, þjónustuíbúð eða á hjúkrunarheimili. Búseta á eigin heimili hentar ekki öllum, þó þeir þurfi ekki dvöl á hjúkrunarheimili. Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru hins vegar alltof fábreytt. Það vantar millistig milli búsetu á eigin heimili og hjúkrunarheimili. Brýnt er að byggja upp þannig búsetuform til hagsbóta fyrir eldra fólk og þá ekki síður fyrir velferðarkerfið, sem er á forræði ríkis og sveitarfélaga. Það er mikilvægt þegar einstaklingar eru komnir á efri ár að til sé búsetuform við hæfi þannig að eldra fólk finni sig öruggt og geti átt samveru við annað fólk á líkum aldri meðan það getur bjargað sér að einhverju leyti sjálft og án þess að þurfa að fara inn á hjúkrunarheimili. Eldra fólki þarf að sýna virðingu og búa þannig um þjónustuna við það að það geti lifað með reisn.

Innan stjórnkerfisins er mikil þörf á að öldungaráð séu eflað og styrkt til að hafa meiri aðkomu að störfum og ferlum stjórnkerfisins sem snúast um öldrunarmál.

Berglind Eyjólfsdóttir f.h. Öldungaráðs Reykjavíkur